



LANDSMÓT HESTAMANNA REYKJAVÍK

1.-7. JÚLÍ 2024

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

LANDSMÓT HESTAMANNA 2024

Landsmót hestamanna í Víðidal var það 25. í röðinni frá því það var fyrst haldið á Þingvöllum 1950. Mótið hefur frá upphafi verið einn stærsti íþróttaviðburður landsins.

LM 2024 var haldið í sameiningu af tveimur stærstu félögum landsins, Hestamannafélaginu Fákí og Hestamannafélaginu Spretti, á félagssvæði Fáks í Víðidal. Gengið var til samstarfs sumarið 2023 og samstarfssamningur undirritaður af Landsmóti hestamanna ehf, Hestamannafélaginu Fákí og Hestamannafélaginu Spretti síðar um haustið.

Í Fákí og Spretti er mikil reynsla af mótahaldi og Víðidalurinn einstaklega vel búinn til að halda stór mót með tilliti til aðstæðna fyrir knapa og gesti.

Í stjórn Landsmóts 2024 sátu eftirfarandi:

Hjörtur Bergstað, formaður	Fákur
Lárus Sindri Lárusson, gjaldkeri	Sprettur
Guðni Halldórsson	Fulltrúi LH (2023)
Sveinn Heiðar Jóhannesson	LH (2024)
Leifur Einar Arason	Fákur
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Sprettur



Einar Gíslason var ráðinn framkvæmdastjóri LM 2024 og hóf hann störf í júlí 2023.



Frá undirritun samnings Landsmóts ehf. við LM2024. Frá vinstri: Guðni Halldórsson formaður LH, Hákon Hákonarson formaður Landsmóts ehf., Hjörtur Bergstað formaður LM2024 og Einar Gíslason framkvæmdastjóri LM2024.



STARFSFÓLK

Einar Gíslason	Framkvæmdastjóri	Björn Magnússon	Vallarstjórn
Hjörtur Bergstað	Formaður Fáks / LM 2024	Þórir Örn Grétarsson	Mótssvæði
Jónína Björg Vilhelmsdóttir	Formaður Spretts	Páll Eyjólfsson	Skemmtanastjóri
Þórdís Anna Gylfadóttir	Markaðsstjóri	Vilfríður Fannberg Sæþórsd.	Umsjón markaðstjald
Barla Isenbuegel	Fulltr. erlends markaðar	Oddrún Ýr Sigurðardóttir	Yfirdómari gæðingak.
Herdís Karlsdóttir	Auglýsingasala	Halldór Viktorsson	Yfirdómari íþróttak.
Hilda Karen Garðarsdóttir	Mótsstjóri	Þorvaldur Kristjánsson	Kynbótasýning RML
Katla Gísladóttir	Mótsstjórn	Sigríður Björnsdóttir	Heilbrigðisskoðun
Aníta Lára Ólafsdóttir	Mótsstjórn	Sigurgeir Jóhannsson	Járningamannafélagið
Elín Hulda Halldórsdóttir	Mótsstjórn	Hilmar Guðmannsson	Rafvirki LM
Ólafur Már Símonarson	Mótsstjórn	Vilhelm Berg Hafsteinsson	Tengill rafverktakar
Sæmundur Ólafsson	Mótsstjórn	Gunnar Möller	Sonik mynd og hljóð
Sigrún Hall	Skristofa LM	Guðni Sigfússon	Sýningarkerfi
Sóley Halla Möller	Verkstjóri þula	Sverrir Long	Sonik myndvinnsla
Erna Ómarsdóttir	Verkstjóri sjálfboðaliða	<i>Listi er ekki tæmandi.</i>	
Þórunn Ester Þórhallsdóttir	Verkstjóri þrifa	<i>Félagsmönnum Fáks og Spretts er sérstaklega þakkað en þeir unnu mikið og óeigingjarnt starf við undirbúning og frágangi mótssvæðisins að ógleymdri allri sjálfboðavinnuni á mótinu sjálfu.</i>	
Jens Andri Fylkisson	Verkstjóri öryggisgæslu		
Sigurjón Rúnar Bragason	Vallarstjórn		
Haukur Hauksson	Vallarstjórn		



SKIPULAG SVÆÐIS

Undirbúningur hófst þegar um sumarið 2023 og var rýnt í skipulag fyrri móta 2018 og 2012. Gerðar voru þó nokkrar breytingar sem sneru að aðstöðu gesta og má þar helst nefna skipulag girðinga, salerna og leiksvæðis. Tvö hlið voru inn á mótssvæðið við Hvammsvöll og leiksvæði var sett upp á bílastæði við hlið reiðhallarinnar sem gaf góða raun því stutt var fyrir foreldra að kíkja þangað með börn sín. Þá liggur um svæðið fráveita fyrir skólp og var auðsótt að fá leyfi frá Veitum til að tengja vatnssalerni við brunna á svæðinu.

UNDIRBÚNINGUR MÓTSSVÆÐIS

Reykjavíkurborg hefur ávallt stutt myndarlega við félagssvæði Fáks og þegar fyrir lá að mótið kæmi í Víðidal var auðsótt að sækja stuðning til borgarinnar. Á haustmánuðum skrifuðu Fákur og Reykjavíkurborg undir 30 milljón króna framlag borgarinnar til viðhalds og framkvæmda á keppnisvöllum og upphitunarsvæði.

Skipt var um efni í öllum keppnisvöllum og þá var bætt í net vatns- og rafmagnslagna um svæðið. Með góðfúslegu vilyrði Veitna fékk mótið einnig aðgang að fráveitukerfi sem liggur um svæðið og varð sú nýbreyttni að öll salerni mótsins voru tengd við vatn og fráveitu sem þegar á reyndi annað vel þessu fjölmennasta Landsmóti síðastliðinna ára.



SAMSTARF VIÐ HAGSMUNAAÐILA

Frá upphafi var lagt upp með að vera í góðu sambandi við hagsmunaaðila sem koma að mótinu en þeir eru fjölmargir. Má þar helst nefna Landssamband Hestamannafélaga, Ráðgjafamiðstöð Landbúnaðarinnis, félag Hrossabænda, Horses of Iceland og Horseday.

Einnig átti mótið í góðu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu en allir þessir aðilar hafa umsögn um þau leyfi sem mótið sækir til Sýslumanns.



REKSTUR LANDSMÓTS 2024

Án styrktaraðila og annarra velunnara er ekki hægt að halda Landsmót.

Stærsti einstaki styrkurinn til LM2024 var úr Ríkissjóði Íslands að upphæð 20 milljónir króna. Auglýsingasala gekk vonum framar og voru aðal styrktaraðilar mótsins 10 talsins. Fjölmargir aðrir auglýsingasamningar voru gerðir í öllum stærðum og gerðum og skilaði þetta mótinu um 25 milljónum í tekjur.

Þátttökugjöld mótsins; gæðingakeppni, íþróttakeppni og kynbótasýning skiluðu um 16 milljónum. Tjaldsvæði um 6 milljónir, markaðssvæði 5,2 milljónum en hér skal haldið til haga að innifalið í sumum styrktarsamningum var aðgangur að markaðssvæði, samningar við veitingaraðila um 6 milljónum og útsendingaréttur 3 milljónir. Aðrir styrkir og framlög voru um 2 milljónir.

Aðgöngumiðasala á mótið var róleg framan af en tók kipp þegar styttist í mót. Heildar miðasala var 110,5 milljónir. Um 70% miðasölnunnar fór fram í gegnum Tix.is og 30% á mótinu sjálfu.

Samtals voru tekjur LM2024 árin 2023 og 2024 rúmar 193 milljónir króna.

Landsmót Reykjavík 2024 - Tekjur

Lýsing	Krónur
Aðgöngumiðasala 2024 - Heild	110,475,680 kr.
Tjaldsvæði	5,707,446 kr.
Styrktaraðilar og auglýsendur	24,805,083 kr.
Opinberir styrkir	22,300,000 kr.
Markaðssvæði	5,264,073 kr.
Samningar við veitingaaðila	5,963,025 kr.
Þátttökugjöld	15,785,000 kr.
Sjónvarpsréttur	3,000,000 kr.
	193,300,307 kr.

Landsmót Hella 2022 - Tekjur

Lýsing	Krónur	Mism. %
Miðasala	95,597,642 kr.	15.56%
Tjaldsvæði	8,478,500 kr.	-32.68%
Auglýsingar	6,146,572 kr.	303.56%
Styrkir	40,930,000 kr.	-45.52%
Markaðssvæði	4,337,047 kr.	21.37%
Veitingasala	1,500,000 kr.	297.54%
Þátttökugjöld	12,847,761 kr.	22.86%
Sjónvarpsréttur	3,500,000 kr.	-14.29%
	173,337,522 kr.	11.52%

Í samanburði við Landsmót á Helli 2022 þá er heildar tekjuaukning um 11,5%. Sérstaklega vel gekk að fá stóra styrktaraðila að mótinu og voru þeir vel sýnilegir með sitt markaðsefni á svæðinu. Þá gekk önnur auglýsingasala einstaklega vel. Þá gáfu samningar við veitingaraðila á svæðinu mótinu góðar tekjur.

Kostnaður við mótið var um 192 milljónir. Stærstu kostnaðarliðir voru meðal annars kostnaður við stjórnun mótsins, uppsetning á mótssvæði og leiga á búnaði, rekstur tækikerfa, markaðssetning, þóknun til LM ehf., leiga á mótssvæði og greiðsla til félaganna Fáks og Sprettis fyrir þeim kostnaði sem félögin lögðu út fyrir.

Landsmót Reykjavík 2024 - Gjöld

Lýsing	Krónur
Kostnaður og stjórnun mótsins	68,600,460 kr.
Uppsetning mótssvæðis og aðstöðu	25,902,000 kr.
Uppsetning og rekstur tækikerfa	14,188,465 kr.
Rekstur mótssvæðis	65,094,529 kr.
Markaðssetning	11,359,061 kr.
Þóknun til LM ehf.	7,000,000 kr.
	192,144,515 kr.

Landsmót Hella 2022 - Gjöld

Lýsing	Krónur	Mism. %
Kostnaður og stjórnun mótsins	58,753,818 kr.	16.76%
Uppsetning mótssvæðis og aðst.	9,393,754 kr.	175.74%
Uppsetning og rekstur tækikerfa	14,108,997 kr.	0.56%
Rekstur mótssvæðis	43,612,069 kr.	49.26%
Markaðssetning	8,347,136 kr.	36.08%
Þóknun til LM ehf.	7,000,000 kr.	0.00%
	141,215,774 kr.	36.06%





MÓTSGESTIR


Sala aðgöngumiða á mótið hófst á heimsmeistaramótinu í Hollandi þann 7. ágúst 2023. Sala aðgöngumiða var róleg framan af en þegar styttist í viðburðinn tók salan kipp. Alls voru greiðandi gestir 7508 manns, börn yngri en 13 ára um 1100 og starfsfólk og boðsmiðar á mótið voru um 650. Áætlaður heildarfjöldi gesta á Landsmót 2024 9258 manns.

Á miðasöluvef Tix er hægt að skoða þjóðerni gesta sem keyptu miða í gegnum vef þeirra. Hlutfall heildar miðasölu í gegnum vefinn var 67%. Hlutfall Íslendinga er lang stærst eða um 76%. Þjóðverjar eru næst stærsti hópurinn eða 8% gesta og á eftir þeim Svíar, Danir og Austurríkismenn.

Ekki er spurt um þjóðerni við miðakaup á viðburðinum sjálfum en um 33% miðasölunnar fór fram meðan á viðburðinum stóð. Leiða má líkum að því að hlutfall Íslendinga á Landsmóti sé mun hærra í þeirri sölu.

Samantekt miðasölu	
Vikupassar	3842
Helgarpassar	1063
Dagmiðar	2603
Seldir miðar samtals	7508
Börn 13 ára og yngri	1100
Starfsfólk og boðsmiðar	650
Áætlaður heildarfjöldi gesta	9258

Gestir Landsmóts eftir þjóðerni



ÚTSENDINGARÉTTUR

Snemma hófust viðræður við Alendis að streyma frá mótinu líkt og þeir gerðu á Hellu 2022. Þá var einnig haft samband við RÚV um að vera bæði með samantektarþætti á meðan mótinu stóð og auk þess að sýna í beinni útsendingu frá sunnudeginum þegar A-úrslit fóru fram. Samið var við báða þessa aðila og gengu útsendingar snuðrulaust fyrir sig. Þá var gaman að geta boðið öllum landsmönnum upp á beina útsendingu á RÚV á sunnudeginum.



MARKAÐSSTARF OG FJÖLMIÐLAR

Ákveðið var að endurnýta útlit auglýsingaefnis frá mótinu 2018. Markaðsstjóri var ráðinn í lok 2023 sem stýrði markaðssetningu mótsins. Þá var einnig ráðinn markaðsfulltrúi erlends markaðar sem sá um auglýsingar og umfjallanir í öðrum aðildarlöndum FEIF.

Gerður var stór samningur við útgáfufélagið Árvakur/Morgunblaðið og var mótið mjög sýnilegt á öllum þeirra miðlum. Þá voru einnig gerðir samstarfssamningar við Horses of Iceland, Eiðfaxa, Hestafréttir og Eyju.net.

Þá voru auglýsingar keyptar í útvarp, Bændablaðið, á flettiskilti og í strætó svo eitthvað sé nefnt.

Mótið sækja ávallt fjölmargir innlendir og erlendir fjölmiðlar sem fjalla um Íslandshestamennskuna. Höfðu þau aðstöðu á tveim stöðum, í anddyri reiðhallarinnar og í skrifstofugámum við Hvammsvöll.

Innlendir fjölmiðlar sýndu mótinu mikinn áhuga á meðan á því stóð. Beinar útsendingar voru frá mótsstað á bæði RÚV og Stöð 2 þar sem meðal annars var rætt við forsvarsmenn mótsins og þá voru gefin fjölmörg viðtöl í útvarpi. Hefur þessi umfjöllun vafalítið vakið áhuga fólks á að sækja mótið.




STARFSFÓLK OG SJÁLFBODALIÐAR

Í Fákí og Spretti er gríðarlega reynslumikið fólk í mótahaldi. Allt lykilstarfsfólk mótsins var reynslumikið á þeim sviðum sem það sinnti og leysti þau verkefni sem upp komu hratt og örugglega. Haldinn var stór undirbúningsfundur með lykilstarfsfólki viðburðarins vikuna fyrir mót og farið yfir hlutverk hvers og eins á mótinu. Frábær stemning var í hópnum allt mótið og þau atvik sem upp komu voru leist farsælega.

Sérstakar þakkir fá sjálfbodaliðar mótsins en þeir voru um 70 talsins á meðan mótinu stóð. Án þeirra vinnuframlags hefði ekki verið hægt að halda uppi svo glæsilegri þjónustu við gesti og þátttakendur mótsins. Sjálfbodaliðar félaganna sem stóðu að mótinu, Fáks og Sprets, unnu ötullega við undirbúning og frágang og margir unnu á mótinu sjálfu ásamt öðrum sjálfbodaliðum sem komu víða að.

Öflug liðsheild reynslumikilla og lausnarmiðaðra starfsmanna og sjálfbodaliða skilaði glæsilegu móti í Víðidal.



ÞJÓNUSTA VIÐ MÓTSGESTI

ÖRYGGISGÆSLA, LÖGGÆSLA, SJÚKRAGÆSLA OG BRUNAVARNIR

Eins og áður kom fram þá var mjög gott samstarf við alla hagsmunaaðila mótsins. Haldnir voru fundir við undirbúning og farið yfir verkefni hvers aðila og til að mynda aðkomuleiðir sjúkra- og lögreglubifreiða skilgreindar á viðburðarsvæðinu.

Öryggisgæsla var sýnileg og á svæðinu og var ávallt sjúkraliði á vakt sem sinnti ýmsum verkefnum sem flest reyndust minniháttar. Löggæslan var sýnileg á svæðinu bæði innan og utandyra, og þá sérstaklega þegar kom fram á helgina. Upp komu einhver minniháttar mál eins og við er að búast þegar svo margir koma saman, en heilt yfir fór allt vel fram.

SKEMMTIDAGSKRÁ

Skemmtanastjóri var fenginn til að skipuleggja skemmtidagskrá mótsins og var hún vegleg í meira lagi. Fjöldmargir þekktir tónlistarmenn og hljómsveitir voru fengin til að spila frá miðvikudegi til laugardags. Þá var sett upp bjórtjald utan við reiðhöllina sem mæltist mjög vel fyrir og þar var meðal annars hægt að horfa á fótboltaleiki í Evrópukeppninni en hún fór fram þessa sömu daga í Þýskalandi.





SNYRTINGAR OG HREINLÆTI

Um svæðið í Víðidal liggja fráveitubrunnar og var sú nýbreyttni á þessu móti að öll salerni voru tengd við fráveitu og vatn. Þá var bætt við tveim salernisgámum ofan Hvammisvallar næst reiðhöllinni og annaði þessi aukna þjónusta gestum mjög vel.

UMFERÐARSKIPULAG

Umferðarskipulag var eins og undanfarin mót en gestir komu af Breiðholtsbraut inn á Vatnsveituveg og lögðu í bílastæðin á túnunum. Þó skapaðist nokkuð öngþveiti af bílum við hesthúsin í Víðidal og í Faxabóli. Erfitt er fyrir starfsfólk við umferðarstjórn inn í hesthúsahverfin að gera greinamun á fólki sem á þar eignir eða erindi til að sinna hrossum og þarf betra skipulag í kringum það.

TJALDSVÆÐI

Skipulögð voru 160 rafmagnsstæði á túnunum í Víðidal og seldust síðustu stæðin vikuna fyrir mót. Vel fór um gesti á svæðinu og var bætt við salernisaðstöðu frá fyrri mótum. Upp komu einangruð tilvik þar sem rafmagni sló út en varði það aðeins í stutta stund.

Aðfararnætur laugardags og sunnudags var eitthvað um party á tjaldsvæðinu og hefði þurft að vera með öflugri næturgæslu til að tryggja svefnfrið tjaldgesta.





BARNASVÆÐI

Líkt og á fyrri mótum var sett upp leiksvæði fyrir börn í gerðinu ofan Hvammsvallar. Sett var upp tjald þar sem börn gátu horft á kvikmyndir og leikföng til að dunda sér við. Þá var sú nýbreyttni að á bílastæði við reiðhöllina voru skátarnir með hoppukastala og klifurvegg fyrir börnin sem sló í gegn því stutt var fyrir foreldra að fara og líta eftir börnum sínum úr brekkunni.

VEITINGASALA

Samið var við Kokkana um matarþjónustu í reiðhöllinni en í vélageymslu hennar var sett upp öflugt móttökueldhús líkt og á fyrri mótum. Buðu þeir upp á morgun-, hádegis- og kvöldmat fyrir gesti, starfsfólk og sjálfboðaliða mótsins. Utandyra voru matsöluvagnar sem seldu skyndibita og hefðu þeir getað verið fleiri, en stuttu fyrir mót afboðuðu tveir matsöluvagnar sig og ekki tókst að fá aðra til að hlaupa í þeirra skarð. Samið var við samstarfsaðila CCEP um vínveitingar og skapaðist skemmtileg umgjörð í kring um veitingasvæðið.

MARKAÐSTJALDIÐ

Mikil aðsókn var í markaðstjaldið og seldust allir reitir innan þess. Í tjaldinu voru helstu þjónustuaðilar hestamanna auk annarrar þjónustu. Opnunartími tjaldsins var frá 10 til 20 alla daga nema sunnudaga til 17. Ekki var að heyra annað en sala hafi verið mjög góð. Því miður var ryk vandamál inni í tjaldinu sem kom af undirlaginu. Reynt var að bregðast við því með plastmottum sem lagðar voru um tjaldið. Skoða þarf undirlag vel fyrir næsta mót.





ÞJÓNUSTA VIÐ KNAPA

Auglýst var eftir þeim félagsmönnum í Fákí og Spretti sem hefðu hug á að leigja hesthús sín til knapa sem komu lengra að. Þegar fyrirspurnir tóku að berast frá knöpum og félögum utan af landi var þeim komið í samband við hesthúseigendur. Gekk þetta fyrirkomulag vel og greiðlega fyrir sig. Þá gátu knapar keypt hey á svæðinu. Heilbrigðisskoðun MAST fór fram í reiðhöllinni C-tröð.

Vellir voru þjónustaðir af sjálfboðaliðum Fáks og Sprettis og voru þeir í frábæru standi allt mótið.

Svæðið í kringum keppnisvellina er stórt og víðfeðmt með mörgum reiðleiðum sem knapar höfðu til að undirbúa sig fyrir keppni. Upplýsingar bárust vel um svæðið og var hátölurum komið fyrir allt í kringum upphitunaraðstöðuna.

KEPPNIN

Í gæðingagreinum mótsins voru skráðir 493 hross. Í íþróttagreinum mótsins voru skráðir 145 hross. Í kynbótahluta mótsins voru 166 hross sýnd.

Snemma var ákveðið að vera með sýningargreinar í íþróttakeppni á Landsmóti. Efstu 20 á stöðulista í gæðingaskeiði, fjörgangi V1, fimmgangi F1 og slaktaumatölti T2 fengu rétt til þátttöku á landsmóti. Samtals bættu forkeppni og úrslit í þessum greinum um 8 klukkustundum við dagskrá mótsins en mikið áhorf var á þessar greinar. Áhorfendur gátu séð bestu hross landsins í bæði gæðinga- og íþróttakeppni.



LOKAORÐ

Undirbúningur Landsmóts 2024 átti sér styttri aðdraganda en oft áður sökum þess að mótið var fært í Víðidal, rétt rúmlega ári fyrir mót. Í félögunum er gríðarlega reynslumikið fólk við móta- og viðburðahald og var gengið ákveðið til verka. Vel gekk að safna gögnum og upplýsingum frá starfsmönnum mótsins 2018 sem aðstoðaði mikið við undirbúning. Skipulag fyrri móta var rýnt og gerðar nokkrar veigamiklar breytingar sem reyndust mótinu sérlega vel.

Samstarf við aðila sem seldu okkur þjónustu eða leigðu okkur aðföng gekk einnig mjög vel en flestir þeirra hafa einnig komið að fyrri mótum.

Öll Landsmót eru eftirminnileg í hugum þeirra sem þau sækja. Það sem gerir mótið 2024 sérlega eftirminnilegt er að blíðskapar veður einkenndi alla Landsmótsvikuna í Víðidal og þá sérstaklega um helgina, þegar í dalnum voru um 10 þúsund manns að njóta gæðinganna, tónlistarinnar og samverunnar með fjölskyldu og vinum.

Landsmót eru einn af hornsteinum hestaíþróttarinnar og því mikið í húfi að viðburðurinn heppnist vel sem sannarlega var upplifun okkar starfsmanna og stjórnar LM 2024.

